

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar
Geislagata 9
600 Akureyri

Reykjavík, 30. maí 2024
Tilvísun: 09.01 Lyfsöluleyfi
Málsnúmer: M-2024-05-2639

Efni: Umsagnarbeiðni – Nýtt lyfsöluleyfi

Lyfjastofnun barst 29. maí sl. umsókn frá lyfjafræðingi, um lyfsöluleyfi fyrir nýja lyfjabúð, að Austursíðu 6, 603 Akureyri.

Samkvæmt 5. mgr. 34. gr. lyfjalaga nr. 100/2020 **skal Lyfjastofnun senda umsóknir um ný lyfsöluleyfi viðkomandi sveitarstjórn til umsagnar.** Fram kemur í ákvæðinu að við mat umsóknar skuli m.a. stuðst við íbúafjölda að baki lyfjabúðinni og fjarlægð hennar frá næstu lyfjabúð. Leggist umsagnaraðili gegn veitingu leyfis er Lyfjastofnun heimilt að hafna umsókninni.

Með vísan til framangreinds óskar Lyfjastofnun hér með eftir umsögn bæjarstjórnar Akureyrarbæjar um umsóknina. Þess er óskað að umsögnin berist svo fljótt sem auðið er og **eigi síðar en 20. júní nk.**

F.h. Lyfjastofnunar,

Kristinn Páll Sigurbjörnsson

Bréf þetta er undirritað með fullgildri rafrænni undirskrift samkvæmt lögum nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

Undirritunarsíða

Kristinn Páll Sigurbjörnsson